


RORUM

Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar

Matsáætlun



RORUM 2024-017

Rorum 2024 018	Dags. 20.11.2024	Dreifing: Opin	Fjöldi síðna: 23
ISSN 2547-6696			
Heiti skýrslu: Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Matsáætlun			
Höfundur: Þorleifur Eiríksson		Verkefnisstjóri Gissur Skarphéðinsson	
Framkvæmd: RORUM			
Unnið fyrir: Eyrarkláf ehf.			
Útdráttur: Áætlun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Framkvæmdinni er lýst og fjallað um staðhætti. Sagt er um hvaða atriði verður fjallað í Matsskýrslu, hvaða upplýsingar eru til staðar og hvaða rannsóknir þarf að gera.			
RORUM ehf. • Sundaborg 1 • 104 Reykjavík • +354 8977395 • rorum@rorum.is • www.rorum.is			

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
1.1	Þátttakendur í umhverfismati	7
1.2	Af hverju Eyrarfjall	7
1.3	Matsskylda framkvæmdar og leyfi	7
1.4	Tímaáætlun matsvinnu og aðkoma almennings	7
2	Skipulag og aðrar áætlanir	8
2.1	Framkvæmdasvæðið og skipulagsmál	8
2.1.1	Staðsetning og staðhættir	8
2.1.2	Skipulagsáætlanir	8
2.1.3	Eignarhald	8
2.1.4	Leyfi sem framkvæmdin er háð	9
2.2	Aðalskipulag	9
2.3	Deiliskipulag	9
2.4	Verndarsvæði	9
2.5	Flugöryggi	9
3	Framkvæmdin	9
3.1	Tilgangur og markmið	9
3.2	Framkvæmdalýsing	10
3.2.1	Framkvæmdasvæði	12
3.2.2	Veðurfar	12
3.3	Náttúruvá	13
3.3.1	Hættumat snjóflóða	13
3.3.2	Grjótskriður	13
3.3.3	Aðkomuvegur og flutningur að svæði	13
3.3.4	Efnispörf og efnisöflun	13
3.3.5	Vatnsveita og rafmagn	13
3.3.6	Skolphreinsistöð	14
3.3.7	Frágangur	14
3.4	Valkostir	14
3.4.1	Núllkostur	14
3.4.2	Valkostir	14
3.4.3	Útfærsla	14
4	Aðferðarfræði við mat á umhverfisáhrifum	14

4.1	Mat á umhverfisáhrifum _____	14
4.1.1	Umhverfisþættir _____	14
4.2	Matsferlið og viðmið _____	15
4.3	Athugunarsvæði _____	16
4.4	Framkvæmda- og áhrifasvæði _____	16
5	Mat á umhverfisáhrifum _____	16
5.1	Vatnafar _____	16
5.1.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	16
5.1.2	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	17
5.2	Veðurfar _____	17
5.2.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	17
5.2.2	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	17
5.3	Snjóflóðahætta _____	17
5.3.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	17
5.3.2	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	17
5.4	Gróður _____	17
5.4.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	17
5.4.2	Hugsanleg áhrif _____	18
5.4.3	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	18
5.5	Fuglalíf _____	18
5.5.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	18
5.5.2	Hugsanleg áhrif _____	18
5.5.3	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	18
5.6	Landslag og ásjúnd _____	18
5.6.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	18
5.6.2	Hugsanleg áhrif _____	20
5.6.3	Sjónræn áhrif _____	20
5.6.4	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	21
5.7	Hljóðvist _____	21
5.7.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	21
5.7.2	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	21
5.8	Útivist og ferðamennska _____	21
5.8.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn _____	21
5.8.2	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum _____	21

	Kláfur uppá Eyrarfjall. Matsáætlun	5
5.9	Jarðmyndanir og minjar	22
5.9.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn	22
5.9.2	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum	22
5.10	Fornleifar	22
5.10.1	Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn	22
5.10.2	Áætlun um mat á umhverfisáhrifum	22
6	Kynning og samráð	22
6.1	Matsáætlun	22
6.2	Umhverfismatsskýrsla	23
7	Heimildir	23

Myndir

Mynd 1-1. Staðsetning kláfs	6
Mynd 1-2. Loftmynd af Ísafirði og Eyrarfjalli.	6
Mynd 1-3. Matsferli.	8
Mynd 3-1. Kláfur í sneiðmynd.	11
Mynd 3-2. Staðsetning kláfsins, byrjunar-, mið- og endastöð.	12
Mynd 4-1. Matsferli	15
Mynd 5-1. Ísafjörður, Gleiðarhjalli og Eyrarfjall, horft úr norðri.	19
Mynd 5-2. Horft yfir Gleiðarhjalla á byggðina við pollinn á Ísafirði.	19
Mynd 5-3. Gleiðarhjalli og toppur Eyrarfjalls.	20
Mynd 5-4. Kláfur í Noregi.	20

1 Inngangur

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á Ísafirði við uppsetningu á kláf frá hlíðum Eyrarfjalls upp á toppinn á Eyrarfjalli, og byggir á kláf af gerðinni ATW-45 sem er með tvo kláfa á sitthvorum enda og ganga á móti hvor öðrum.

Framkvæmdin felst í að útbúa bílastæði fyrir farþega kláfsins, upphafsstöð kláfsins og endastöð á toppi Eyrarfjalls með einum millistaur á Gleiðarhjalla (Mynd 1-1, Mynd 1-2).



Mynd 1-1. Staðsetning kláfs



Mynd 1-2. Loftmynd af Ísafirði og Eyrarfjalli.

1.1 Þátttakendur í umhverfismati

Framkvæmdaaðili er Eyrarkláfur ehf. Verkefnastjóri er Gissur Skarphéðinsson. RORUM er ráðgjafi við umhverfismat framkvæmdarinnar og vinnur verkefnið í samstarfi við Eyrarkláf ehf.

1.2 Af hverju Eyrarfjall

Eyrarfjall er fjall beint fyrir ofan Ísafjörð í Ísafjarðarbæ. Fjallshlíðin er brött og alveg við bæinn og liggur því mjög vel við að nýta fjallið fyrir útsýni. Tilgangur framkvæmdanna er að skapa möguleika fólks að njóta útsýnis frá toppi Eyrarfjalls og þróa svæðið sem útivistar- og afþreyingarsvæði.

1.3 Matsskylda framkvæmdar og leyfi

Matsáætlun þessi er unnin í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda, áætlana nr. 111/2021 og reglugerð nr. 1381/2021 og er verkáætlun fyrri fyrirhugaða mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin fellur undir flokk B í 1. Viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 með vísan í tölulið 12.01 („Skíðabrekkur, skíðalyftur, kláfar og tengdar framkvæmdir sem ná yfir 15 ha svæði, eða þar sem mannvirki eru 15 m eða hærri eða framkvæmdir eru á jökli.“).

Eyrarkláfur sendi inn fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar¹ til Skipulagsstofnunnar. Í úrskurði Skipulagsstofnunnar kemur fram að framkvæmdin er matsskyld². Eyrarkláfur kærði úrskurð Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar auðlindamála sem hafnaði kröfu Eyrarkláfs³.

1.4 Tímaáætlun matsvinnu og aðkoma almennings


Eins og fram kemur í 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, er með kynningu Skipulagsstofnunar á matsáætlun verið að kalla eftir athugasemdum og ábendingum umsagnaraðila út frá starfssviði þeirra, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá skulu leyfisveitendur í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð. Kynning matsáætlunar er einnig ætluð almenningi í þeim tilgangi að gera grein fyrir framkvæmdaáformum sem og til að fá fram upplýsingar og ábendingar um framkvæmdasvæðið og framkvæmdaáformin á heildina litið. Með umsögnum og athugasemdum er unnt að undirbyggja betur umfjöllun um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfi og samfélag. Athugasemdafrestur er fjórar vikur á þessu stigi og

¹ Arkiteó ehf. 2021. Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Matsskyldufyrirspurn. Janúar 2021. Eyrarkláfur ehf.

² Skipulagsstofnun. 2021. Uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun.

³ Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. 2021. Mál nr. 107/2021, kæra á ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2. júní 2021, um að uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

skulu allar ábendingar og athugasemdir berast til Skipulagsstofnunar. Matsáætlun er lögð fram í desember 2024. Mynd 1-3 greinir frá matsferlinu og aðkomu almennings.



Mynd 1-3. Matsferli.

2 Skipulag og aðrar áætlanir

2.1 Framkvæmdasvæðið og skipulagsmál

2.1.1 Staðsetning og staðhættir

Svæðið fyrir byrjunarstöðina er í eigu Ísafjarðarbæjar sem og Gleiðarhjalli og Eyrarfjall. Þar sem miðstaurinn verður eru klettur. Ofan á Eyrarfjalli, sem er 700 metra hátt fjall, er slétta með gljúpum og grýttum jarðvegi. Göngustígar verða gerðir með fram brúnum Eyrarfjalls úr mól og pöllum komið fyrir þar sem því er hægt að koma við. Ekki hafa verið gerðar veðurfarslegar rannsóknir á svæðinu en stuðst hefur verið við veðurfarslegar upplýsingar frá Þverfjalli, flugstöðinni á Ísafirði og svo eru veðrupplýsingar til yfir Hnífsdal sem er hægt að styðjast við að einhverju leiti. Einnig verða notaðar upplýsingar frá þremur veðurstöðvum sem Fossavatnsgangan rekur á Heiðinni, Nónvatni og Miðfellshálsi (Fossavatnsgangan 2024).

2.1.2 Skipulagsáætlanir

Landið er allt skipulagsskytt samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skulu framkvæmdir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir². Þannig skal framkvæmdaleyfi vera í samræmi við aðalskipulag og eftir atvikum einnig við deiliskipulag. Framkvæmdaleyfi skal enn fremur vera í samræmi við svæðisskipulag þar sem það liggur fyrir.

2.1.3 Eignarhald

Svæðið allt er í eigu Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær hefur undirritað viljayfirlýsingu vegna framkvæmdanna. Að auki er kláfurinn kominn á áfangastaðáætlun hjá Vestfjarðastofu.

2.1.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Ísafjarðarbæjar og reksturinn háður starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

2.2 Aðalskipulag

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar nær til ársins 2020⁴ og er framkvæmdin ekki í samræmi við það. Á því skipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði ofan við snjóflóðavarnargarð og opið svæði til sérstakra nota fyrir neðan snjóflóðagarð. Svæðið við byrjunarstöð kláfsins er á B-Svæði sem er skilgreint sem staðaráhætta vegna ofnaflóða á bilinu 1-3 af 10.000 ár ári.

2.3 Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt í umhverfisnefnd 7.6 2010 og í bæjarstjórn 16.6 2010. Í því deiliskipulagi sem er samþykkt er gert ráð fyrir aðveitustöð. Sú framkvæmd hefur ekki farið fram og ekki vitað hvað verður um þá framkvæmd í dag. Ljóst er að gera þarf nýtt deiliskipulag fyrir svæðið sem tekur til fyrirhugaðra framkvæmda frá byrjunarstöð og að endastöð upp á Eyrarfjall.

Unnið verður að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið samhliða umhverfismatsskýrslu.

2.4 Verndarsvæði

Svæðið sem um ræðir er ekki á vatnsverndarsvæði⁵.

2.5 Flugöryggi

Isavia gerir ekki athugasemdir⁶ við að kláfur verður settur upp eins og gögn sýna. Kláfurinn á ekki að hafa áhrif á blindaðflug að Ísafjarðarflugvelli en hefur hins vegar áhrif á sjónaðflug og sjónbrotflug til og frá Ísafjarðarflugvelli. Við því þarf að bregðast með því að setja hindranalýsingu á mannvirki (mastur) sem reist verða vegna framkvæmdarinnar.

Náið samstarf verður haft með framleiðanda og hönnuðum kláfsins og tryggt verður að rétt lýsing á mastri og mannvirkjum verði samkvæmt kröfum ICAO. Haft verður samráð við Isavia og Samgöngustofu á hönnunartíma.

3 Framkvæmdin

3.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur framkvæmdarinnar er að skapa möguleika fólks að njóta útsýnis frá toppi Eyrarfjalls og þróa svæðið sem útivistar- og afþreyingarsvæði.

⁴ Skipulagsstofnun. 2008. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020.

⁵ Ísafjarðarbær. 2009. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Skipulagsáætlun er unnin fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

⁶ Isavia. 2021. Bréf til Skipulagsstofnuna. 11.maí 2021, INN2104010KA.

Sumarið 2024 komu 195 skemmtiferðaskip og áætlað um 180 þúsund skipafarþegar með. Vöntun er á afþreyingu og útivist fyrir allan þann mannfjölda sem kemur í land á Ísafirði og myndi kláfurinn vera góð viðbót við annað á svæðinu.

3.2 Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin felur í sér að byggð verður byrjunarstöð við hlíðarfót Eyrarfjalls. Á Gleiðarhjalla verður reistur millistaur í 390 metra hæð yfir sjávarmáli. Á toppi Eyrarfjalls verður svo endastaur og endastöð kláfsins (Mynd 3-1, Mynd 3-2).

Byggja þarf 100 metra langan veg að byrjunarstöð kláfsins. Breidd vegarins veður um 7 metrar. Á svæðinu þarf síðan að byggja bílastæði fyrir 20 bíla og 2 rútur

Framkvæmdin felur í sér að byggð verður byrjunarstöð fyrir ofan fjölbýlishús nr. 3-7 á Hlíðarvegi á svæði sem Eyrarkláfur hefur fengið af Ísafjarðarbæ. Hæð byggingarinnar er um 10 metrar auk kjallara. Stærð byggingar er áætlað um 300 m²

Á toppi Gleiðarhjalla verður reistur millistaur í 390 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem jarðrask verður frekar lítið þar sem þarf að steypa undirstöður undir stálmastur. Sverleiki millistaursins er um 15 x 15 metrar við jörðu, en mjókkar upp þar sem hann er um 6 x 6 metrar með öxlum út til sitthvorrar áttar til að halda uppi vörnum fyrir kláfinn. Áætlað magn er 350 m³ hola sem verður stept í, eða 16 x 16 metra svæði.

Á toppi Eyrarfjalls verður svo endastaur og endastöð kláfsins. Umfang þess er umtalsvert meira, enda þarf að vera hægt að taka á móti kláfnum og jafnvel geyma kláfinn á endastöðinni í einhvern tíma. Aðstaða á endastöð er biðsalur og stjórnstöð. Áætlað byggingarmagn endastöðvar er í kringum 2 – 300 m². Hæð endastöðvar verður um 10 metrar.

Í tengslum við endastöðina er fyrirhugað að reisa móttökusal og veitingastað og er áætlað að sú bygging verði um 7-800 m² að stærð og tengd við biðsalinn með göngum til að verja fólk fyrir veðri og vindum.


Gert er ráð fyrir að kláfurinn sem er um 3x5x3 metrar (b x l x h) geti annað í kringum 500 manns á klst. Í hverri ferð komast 45 manns fyrir í kláfnum. Gert er ráð fyrir að reksturinn á kláfnum sé aðallega yfir sumartímann en þó hægt að hafa opið um helgar yfir vetrartímann ef veður leyfir.

Lengdin á kláfvörnum frá byrjunarstöðinni að mastrinu á Gleiðarhjalla er 750 metrar og frá Gleiðarhjalla upp á Eyrarfjall er 710 metrar. Hæsta hæð vírsins í hlíðunum ofan eyrarinnar er um 30 metrar. Millistaurinn á Gleiðarhjalla er um 32 metra hár.

Útlit stauranna tekur ásýnd af burðarþolslegum þáttum staursins þar sem hann er úr stáli og er útlit hans breiðast að neðan (16x16 m) með fjórum stálfótum sem mjókka upp á við. Eyrarfjall er í um 700 metrum yfir sjávarmáli. Áætlanir gera ráð fyrir að fluttir verða 29.000 manns á ári með kláfnum.


Á framkvæmdatíma verður sérstök flutningslyfta í notkun, staurar og vírar á milli⁷. Uppsetning lyftunnar veldur ekki viðbótar raski á framkvæmdasvæðinu og í lok framkvæmdar verður lyftan fjarlægð.

Í Umhverfismatsskýrslu verður fjallað ítarlega um flutningslyftuna.



Mynd 3-1. Kláfur í sneiðmynd.

⁷ LCS cabla cranes. 2024. Solving transsport needs. www.lcs-cablecranes.com.



Mynd 3-2. Staðsetning kláfsins, byrjunar-, mið- og endastöð.

3.2.1 Framkvæmdasvæði

Svæðið fyrir byrjunarstöðina er í eigu Ísafjarðarbæjar sem og Gleiðarhjalli og Eyrarfjall. Þar sem miðstaurinn verður eru klettur. Ofan á Eyrarfjalli sem er 700 metra hátt fjall er slétta með gljúpum og grýttum jarðvegi, göngustígar verða gerðir með fram brúnum Eyrarfjalls úr mól og pöllum þar sem því er hægt að koma við

3.2.2 Veðurfar

Ekki hafa verið gerðar veðurfarslegar rannsóknir á svæðinu en stuðst verður við veðurfarslegar upplýsingar frá veðurstöðvum í Ísafjarðabæ (2 m h.y.s), Seljalandsdal (283 m h.y.s), Þverfjalli (740 m h.y.s), Hnífsdal (4 m h.y.s) og flugstöðinni á Ísafirði (2 m h.y.s). Einnig verða notaðar upplýsingar frá þremur veðurstöðvum sem Fossavatnsgangan rekur á Heiðinni, Nónvatni og Miðfellshálsi (Fossavatnsgangan 2024).

Lyfta kemur með veðurstöð, þar sem að það þarf að fylgjast með veðurhæð dag frá degi. Það má gera ráð fyrir að veður sé afgerandi þáttur í hvenær sé hægt að flytja fólk upp á fjallið. Veðurfar og þá aðallega vindstyrkur hefur afgerandi áhrif á hvenær sé hægt að flytja fólk á

milli og verður stuðst við þær kröfur sem lyftuframleiðandinn setur varðandi það vindálag sem kláfurinn þolir. Veðurfarslegar takmarkanir við uppbyggingu kláfsins er tiltölulega lítil þar sem framkvæmdir og uppbygging kláfsins er að mestu leiti yfir sumarmánuðina þegar veður er gott. Við daglegan rekstur kláfsins er hámarksvindur 22 m/sek. sem leyfilegt er að hafa kláfinn opinn. Þegar vindur nær þeim hraða er lyftan stoppuð og farþegar fluttir niður af fjallinu. Ljóst er að þótt kláfurinn verði ekki í notkun að vetrarlagi þurfa vírar, staurar og byggingar að þola það veðurfar sem er á svæðinu að vetri til. Hvassviðri, ofankoma og ísing eru náttúruvárpættir sem gæta verður að.

3.3 Náttúruvá

3.3.1 Hættumat snjóflóða

Hættusvæði afmarkast af línu, hættumatslínu, sem dregin er á grundvelli ákvörðunar um ásættanlega staðaráhættu en staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Brekkumegin hættumatslínunnar skiptast hættusvæði í þrjá flokka eftir vaxandi áhættu. Hættusvæði A afmarkast af jafnáhættulínunum 0,3 – 1 af 10.000. Hættusvæði B afmarkast af jafnáhættulínunum 1 - 3 af 10.000. Hættusvæði C er svæði þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000. Byrjunarstöð kláfsins er á hættusvæði B. Í atvinnuhúsnæði þar sem unnið er að staðaldri telst áhætta ásættanleg ef staðaráhætta er minni en 1 af 10.000 á ári. Hins vegar er heimilt að meta viðveru fólks á annan hátt en kveðið er á um hér að framan og á slíkt mat t.d. við um atvinnuhúsnæði þar sem ekki er stöðug viðvera fólks. Samkvæmt greinargerð deiliskipulags sem nær til hluta framkvæmdasvæðisins eru snjóflóð sjaldgæf.

3.3.2 Grjótskriður

Hætta er á aurflóðum og grjóthruni. Á hverju ári eru sprengdir steinar sem hætta er talin af. Ofan við byrjunarstöð er búið að reisa ofanflóðavarnargarð.

3.3.3 Aðkomuvegur og flutningur að svæði

Ekki þarf að leggja vegslóða upp á Gleiðarhjalla eða Eyrarfjall. Fyrst verður byrjað á því að útbúa flutningslyftu sem mun flytja allt byggingarefni og lyftustaura upp á Gleiðarhjalla og Eyrarfjall. Efnið í flutningslyftuna verður flutt með þyrlu.

3.3.4 Efnisþörf og efnisöflun

Efnistaka við byrjunarstöð verður í Dagverðardal í Skutulsfirði í opinni námu sem er til staðar nú þegar. Magn er áætlað um 2.000 – 2.500 m² af efni sem þarf að skipta um.

3.3.5 Vatnsveita og rafmagn

Vatnsveitulagnir fyrir neðra stöðvarhús tengist vatnsveitukerfi Ísafjarðarbæjar. Skólp við byrjunarstöðina tengist við skólpkerfi Ísafjarðarbæjar. Upp á Eyrarfjalli verður lítil skólp hreinsistöð skv. Reglum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Vatn verður flutt uppá fjall með lögn sem verður á burðarvír samhliða vírum lyftunnar og komið fyrir í niðurgröfnum tönkum. Rafmagn (háspennulína) upp á Eyrarfjall mun liggja upp með kláfnum upp á Eyrarfjall. Í

deiliskipulagi mun koma fram að háspennulína verður samhliða burðarvírnum til að forðast jarðrask.

3.3.6 Skolphreinsistöð

Þriggja þrepa skolphreinsistöð verður grafin niður á Eyrarfjalli. Yfirfall fer í þar gerða siturlögn sk. Reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Öll uppbygging á skólpi mun fylgja reglum og settum viðmiðum reglugerðar um þennan málaflokk.

3.3.7 Frágangur

Gengið frá í kringum framkvæmdir til að takmarka sjónræn og vistræn áhrif á framkvæmdasvæðinu eins og hægt er.

3.4 Valkostir

3.4.1 Núllkostur

Núllkostur er að ekki verði af framkvæmdum við uppsetningu kláfs upp á Eyrarfjalli.

3.4.2 Valkostir

Ekki er vitað um aðrar gerðir af kláfum, sem hefðu minni umhverfisáhrif.

3.4.3 Útfærsla

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum útfærslum á kláfnum hvað varðar stærð, þ.e. hversu marga farþega hann getur tekið. Það verður enginn munur á umhverfisáhrifum á mismunandi útfærslum.

4 Aðferðarfræði við mat á umhverfisáhrifum

4.1 Mat á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 111/2021. Matinu er ætlað að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmda séu innan ásættanlegra marka. Markmið laganna eru: a. sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, b. skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana, c. að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.

4.1.1 Umhverfispættir

Við mat á umhverfisáhrifum er stuðst við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð nr. 1381/2021. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti er litið til viðmiða s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðasamninga. Ein af


megináherslum við gerð matsáætlunar er að greina hvaða umhverfispættir eru líklegir til að verða fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum og hverjir ekki. Þeir þættir sem eru taldir verða fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum eru svo metnir nánar og niðurstöður þess mats birtar í umhverfismatsskýrslu. Þeir umhverfispættir sem framkvæmdaaðili hyggst fjalla sérstaklega um í umhverfismatsskýrslu eru: - Gróður - Fuglalíf - Landslag og ásynd - Hljóðvist - Útivist og ferðamennska. Hér á eftir verður stuttlega fjallað um hvern þessara þátta auk þess sem fjallað verður um þá umhverfispætti sem ekki þykir ástæða til að meta frekar í matsferlinu

4.2 Matsferlið og viðmið

Vinna umhverfismatsins er í samræmi við það sem kveðið er á um í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana (Mynd 4-1).

Vinna við mat á umhverfisáhrifum hefst með gerð þessarar matsáætlunar. Mikilvægt er að greina eins fljótt og unnt er hvaða umhverfispættir gætu orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Einnig fer fram mat á því hvaða hlutar framkvæmdarinnar eru taldir líklegastir til að valda mestum umhverfisáhrifum og hvers eðlis þau áhrif eru. Matsáætlun er send til Skipulagsstofnunar til opinberrar umfjöllunar þar sem stofnunin kynnir matsáætlun fyrir umsagnaraðilum og almenningi. Innan sjö vikna frá því að fullnægjandi gögn berast, kynnir Skipulagsstofnun álit sitt um matsáætlun. Álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun felur í sér leiðbeiningar til framkvæmdaaðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu, m.a. með hliðsjón af framkomnum umsögnum annarra aðila.

Þegar álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggur fyrir er unnt að hefja vinnu við umhverfismatsskýrslu með hliðsjón af matsáætlun og álitinu. Þegar umhverfismatsskýrsla er tilbúin er hún lögð fyrir Skipulagsstofnun. Telji Skipulagsstofnun að umhverfismatsskýrslan sé í samræmi við matsáætlun og uppfylli þær kröfur sem eru gerðar, auglýsir stofnunin framkvæmdina og umhverfismatsskýrsluna. Þar með hefst opinbert kynningarferli. Að því loknu lýkur matsferli með álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.



Mynd 4-1. Matsferli

4.3 Athugunarsvæði

Athugunarsvæði er allt það svæði sem fellur undir framkvæmda- og áhrifasvæði.

4.4 Framkvæmda- og áhrifasvæði

Framkvæmdasvæði er það svæði sem verður fyrir beinum áhrifum, það sem fer undir mannvirki í tengslum við framkvæmd.

Áhrifasvæði er það svæði sem verður fyrir beinum eða óbeinum áhrifum vegna framkvæmdar. Í þessu tilfelli er það aðallega sjón- og hljóðrænir áhrifaþætti sem ekki hafa ákveðin áhrifamörk.

5 Mat á umhverfisáhrifum

Í matsskýrslu verða til skoðunar eftirfarandi umhverfisþættir: Vatnafar, jarðminjar, ásýnd, gróðurfar, útivist, fornleifar og náttúruvá. Helstu áhrifaþættir framkvæmda á framkvæmdatíma eru framkvæmdir við möstur og stýrishús kláfsins ofan Hlíðarvegar og á toppi Eyrarfjalls og möguleg olíumengun á svæðinu. Á rekstrartíma eru áhrifaþættir ásýnd kláfsins upp fjallið.

5.1 Vatnafar

Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda er utan vatnsverndarsvæða en hætta getur verið á mengun grunn- og yfirborðsvatns á framkvæmda- og rekstrartíma. Helsti áhrifaþáttur framkvæmda á vatnafar er möguleg mengun ef olíuslys á sér stað. Á framkvæmdatíma liggur áhættan helst í mögulegum olíuleka frá vinnuvélum. Á rekstrartíma stafar áhættan af mögulegum olíuleka frá vír kláfsins sem yrði þá mjög lítil. Ísafjarðarbær og Eyrarkláfur leggja til að unnið sé eftir ákveðnu verklagi vegna framkvæmda og reksturs innan svæðisins. Verklagið miðar að því að lágmarka mengun ef óhöpp af völdum olíu á sér stað í tengslum við framkvæmdir. Verklagið felst í eftirfarandi:

- Magn olíu verður takmarkað á svæðinu. Á bílastæði verður útbúin sérstök aðstaða þar sem áfylling olíu fer fram. Ávallt skal vera til staðar lekabytta, ígleypiefni og skófla svo hægt sé að bregðast við um leið ef óhapp kemur upp.
- Verktaki og rekstraraðilar skulu hafa daglegt eftirlit með olíuleka frá vinnuvélum og tækjum. Verði vart við olíuleka skal þegar í stað stöðva lekann og/eða fjarlægja tækið af verkstað. Hreinsa skal strax upp allt það efni sem komist hefur í snertingu við jarðveg.
- Öllu gróður- og jarðraski verður haldið í lágmarki innan grunnsvæðis og umferð ökutækja um svæðið verður stýrt og aðeins heimil starfsmönnum sem eiga þar erindi.
- Eftir atvikum og eðli mengunar skal tilkynna atburð til Umhverfisstofnunar, Lögreglu, Ísafjarðarbæjar, Vinnueftirlits og öðrum sem hugsanlega eiga aðilda að málinu. Með því að vinna ofangreint vinnulag mun kláfurinn hafa óveruleg neikvæð áhrif á vantafar.

5.1.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Ekki eru neinar tjarnir eða lækir á framkvæmdasvæðinu og mest af svæðinu þakið mól.

Vatnsverndarsvæði Ísafjarðar er skilgreint í skipulagi Ísafjarðarbæjar og framkvæmdarsvæðið er utan þess⁸.

5.1.2 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Ekki er gert ráð fyrir frekari rannsóknum.

Fjallað verður um áhrif á vatnafar í Matsskýrslu.

5.2 Veðurfar

Ekki hafa verið gerðar veðurfarslegar rannsóknir á svæðinu en stuðst verður við veðurfarslegar upplýsingar frá veðurstöðvum.

5.2.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Til eru veðurfarslegar upplýsingar frá veðurstöðvum í Ísafjarðabæ (2 m h.y.s), Seljalandsdal (283 m h.y.s), Þverfjalli (740 m h.y.s), Hnífsdal (4 m h.y.s) og flugstöðinni á Ísafirði (2 m h.y.s).

Einnig verða notaðar upplýsingar frá þremur veðurstöðvum sem Fossavatnsgangan rekur á Heiðinni, Nónvatni og Miðfellshálsi (Fossavatnsgangan 2024).

5.2.2 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum veðurathugunum fyrr en kláfurinn hefur starfsemi, en þá verður fylgst með veðri nákvæmlega, með veðurstöð í kláfnum og á endasöð.

Í Umhverfismatsskýrslu verður fjallað um veðurfar.

5.3 Snjóflóðahætta

Kláfur eykur ekki hættu á snjóflóðum.

5.3.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Gögn um snjóflóðahættusvæði verða fengin hjá Veðurstofunni.

5.3.2 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Ekki verða gerðar sérstakar athuganir, en í matsskýrslu verður fjallað um hugsanlega snjóflóðahættu.

Í Umhverfismatsskýrslu verður fjallað um snjóflóðahættu.

5.4 Gróður

5.4.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Á svæðinu ofan byrjunarstöð kláfsins eru hlíðarnar nokkuð grónar af grasi nærri upp að klettum Gleiðarhjalla⁹. Eftir því sem ofar dregur verður gróðurhula lítil og á köflum ekki nein.

⁸ Skipulagsstofnun. 2008. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020.

⁹ Hafdís Sturlaugsdóttir. 2011. Gróður undir Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Unnið fyrir Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða. NV. 19-11.

Ríkjandi gróður á svæðinu eru grasivaxnir balar og ekki talið á neinn hátt sérstakur á þessum hluta fjallsins ofan Ísafjarðar. 17 vistgerðir eru ríkjandi á áhrifasvæðinu og eru þær allnokkuð til mjög útbreiddar á landsvísu og hafa lágt eða miðlungs verndargildi. Þau helstu eru víðikjarrvist, grasmóavist, urðarskriðvist, moldavist og tún og akurlendi ¹⁰.

5.4.2 Hugsanleg áhrif

Áhersla er lögð á að halda öllu raski í lágmarki og græða upp svæði eftir að framkvæmdum lýkur til að viðhalda gróðurþekju og koma í veg fyrir fok fínefna. Áburður verður ekki notaður til uppgræðslu innan svæðisins vegna vatnsverndarsjónarmiða. Áhrif framkvæmda á gróðurfar eru metin óverulega neikvæð þar sem þau eru staðbundin, breyta ekki einkunum gróðurfars á svæðinu og eru að einhverju leiti afturkræf.

5.4.3 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Til er skýrsla um rannsókn sem lýsir gróðurfari svæðinu vel⁷ og ekki þörf á frekari rannsóknum. Í Matsskýrslu verður fjallað um áhrif á gróðurfar.

5.5 Fuglalíf

5.5.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Innan og í nágrenni framkvæmdarsvæðisins sáust samtals átta tegundir á svæðinu¹¹. Af þessum átta tegundum voru sex með varp á svæðinu. Sjö af þessum tegundum eru ekki á valista samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands. Hrafn sást fljúga yfir svæðið og er hann á valista en verpur ekki á framkvæmdarsvæðinu.

Innan og í nágrenni framkvæmdarsvæðisins eru engin svæði sem njóta verndar vegna fuglalífs.

5.5.2 Hugsanleg áhrif

Framkvæmdin mun hafa tímabundin áhrif á fugla á meðan framkvæmd stendur en talið er að þau áhrif verða væntanlega lítil.

5.5.3 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Til eru fullnægjandi rannsóknir á svæðinu varðandi fuglalíf⁹.

Í Matsskýrslu verður fjallað um áhrif á fuglalíf.

5.6 Landslag og ásjón

5.6.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

¹⁰ Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar. Nr. 54.

¹¹ Böðvar Þórisson. 2011. Fuglar í Stóruð og nágrenni, undir Gleðarhjalla á Ísafirði. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 18-11.

Ásýnd svæðisins einkennist af fjalllendinu ofan Ísafjarðar og klettum Gleiðarhjalla og Eyrarfjalls (Mynd 5-1, Mynd 5-2, Mynd 5-3).



Mynd 5-1. Ísafjörður, Gleiðarhjalli og Eyrarfjall, horft úr norðri.



Mynd 5-2. Horft yfir Gleiðarhjalla á byggðina við pollinn á Ísafirði.



Mynd 5-3. Gleiðarhjalli og toppur Eyrarfjalls.

5.6.2 Hugsanleg áhrif

Framkvæmdir munu hafa í för með sér breytingu á ásýnd með tilkomu kláfsins. Áhrifin eru líkleg til að vera óverulega neikvæð þar sem þau eru staðbundin og framkvæmdir koma ekki til með að breyta einkennum svæðisins þar sem einungis sést í mastur kláfsins hátt uppi á klettum Gleiðarhjalla. Virinn sem kláfurinn er dreginn upp með hefur óveruleg áhrif á ásýnd. Betur má átta sig á útliti og umfangi millistaursins á Mynd 5-4 frá sambærilegum kláfi í Noregi.



Mynd 5-4. Kláfur í Noregi.

5.6.3 Sjónræn áhrif

Kláfurinn og mannvirki tengd honum verða sýnileg.

5.6.4 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Í frummatsskýrslunni verða myndir af nágrenni kláfsins á Eyrarfjalli og svipuðum mannvirkjum annars staðar sem ætti að gefa góða hugmynd um útlit mannvirkisins.

Til að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum sérstaklega verður kláfurinn teiknaður inn á mynd og kort og gerðar prividdarmyndir af einstökum einingum.

Í Matsskýrslu verður fjallað um sjónræn áhrif.

5.7 Hljóðvist

5.7.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Kláfurinn verður mjög hljóðlátur¹². Í umhverfismatsskýrslu verða sýnd gögn frá framleiðanda, sem sýna þetta.

Auk þess verður vélbúnaðurinn neðanjarðar í kjallara lyftuhússins, sem mundi draga úr hljóði ef það kæmi hljóð frá kláfnum.

Í umhverfismatsskýrslu verða lögð fram gögn frá framleiðanda sem sýna þetta svo sem hljóðmælingar.

5.7.2 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Helsti áhrifapáttur framkvæmdarinnar er hávaði vinnuvéla á uppsetningu kláfsins við byrjunarstöð. Áætlað er að efnisflutningar upp á Eyrarfjall verði framkvæmdir með vinnulyftu og þyrlu. Þá mun skapast hljóðmengun í kringum það.

Í Matsskýrslu verður fjallað um áhrif kláfsins á hljóðvist.

5.8 Útivist og ferðamennska

Hægt er að nota svæðið allt árið um kring þó svo aðalframkvæmdatími kláfsins sé yfir sumarmánuðina. Hægt er að ganga upp á Gleiðarhjalla en illfær gönguleið er upp á Eyrarfjall. Ekki eru merktar gönguleiðir upp á Gleiðarhjalla.

5.8.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Bygging kláfsins mun auka við útivist á svæðinu með því að koma fólki auðveldlega upp á Eyrarfjall.

Áhrif kláfsins á núverandi útivist verða óveruleg, þar sem þær munu ekki breyta einkennum né rýra útivistargildi svæðisins.

5.8.2 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum athugunum í þessu sambandi. Fyrirbyggjandi gögn verða nýtt í umhverfismatsskýrslu.

¹² Leander Schmidt. 2021. 100-ATW Zermatt - Fury (80 ATW replacement) Noise protection. External noise emissions. File-Nr.: 062 031.01 Visp, 8 October 2021. LS.

Í matsskýrslu verður fjallaðu um áhrif á útivist.

5.9 Jarðmyndanir og minjar

Á svæðinu er aðallega basískt og ísúrt gosberg og setlög frá miðhluta ísaldar 5,3 – 11 m. ára.

5.9.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Ekki eru neinar jarðminjar á svæðinu sem njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ekki þarf að leggja neinn vegslóða upp á Gleiðarhjalla eða Eyrarfjall. Loftlína verður lögð samhliða vírum fyrir kláfinn. Lögð er áhersla á að svæðinu sé skilað í sem líkustu ástandi og það var fyrir. Áhrif framkvæmda á jarðminjar eru metin óveruleg þar sem áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfispáttar.

5.9.2 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum athugunum í þessu sambandi. Fyrirbyggjandi gögn verða nýtt í umhverfismatsskýrslu.

Í matsskýrslu verður fjallaðu um áhrif á jarðmyndanir og minjar.

5.10 Fornleifar

5.10.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Engar þekktar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis^{13,14}.

5.10.2 Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Áður en framkvæmdir hefjast skal fornleifafræðingur fenginn til að kanna svæðið. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdir án tafar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sbr. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Framkvæmdir eru ekki líklegar til að hafa áhrif á fornleifar.

Í matsskýrslu verður fjallaðu um fornleifar.

6 Kynning og samráð

6.1 Matsáætlun

Matsáætlun þessi hefur verið send Skipulagsstofnun og á að vera birt til kynningar um fjögurra vikna skeið. Á þessu tímabili gefst almenningi tækifæri til að koma með athugasemdir við áætlunina og samhliða því mun Skipulagsstofnun leita umsagna lögboðinna umsagnaraðila.

Skipulagsgáttin (<https://skipulagsgatt.is>) er samráðsgátt um skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og þar er hægt að fá upplýsingar og gera athugasemdir.

¹³ Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. 1. hluti: Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NV nr. 6-02.

¹⁴ Kristinn Nikulás Edvardsson. 2010. Frá kotbýlum til bæjarsamfélags. Kortlagning sögulegs landslags á Vestfjörðum. Rannsóknarskýrsla.

6.2 Umhverfismatsskýrsla

Við gerð umhverfismatsskýrslu verður haft samráð við leyfisveitendur, Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almenning í samræmi við lög nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Umhverfismatsskýrslan verður kynnt almenningi í samráði við Skipulagsstofnun. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is).

7 Heimildir

- Arkiteó ehf. 2021. Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Matsskyldufyrirspurn. Janúar 2021. Eyrarkláfur ehf.
- Böðvar Þórisson. 2011. Fuglar í Stóruð og nágrenni, undir Gleiðarhjalla á Ísafirði. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 18-11.
- Fossavatnsgangan. 2024. fossavatn.is.
- Hafðís Sturlaugsdóttir. 2011. Gróður undir Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Unnið fyrir Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða. NV. 19-11.
- Isavia. 2021. Bréf til Skipulagsstofnuna. 11.maí 2021. INN2104010KA.
- Ísafjarðarbær. 2009. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Skipulagsáætlun er unnin fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.
- Kristinn Nikulás Edvardsson. 2010. Frá kotbýlum til bæjarsamfélags. Kortlagning sögulegs landslags á Vestfjörðum. Rannsóknarskýrsla.
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar. Nr. 54.
- LCS cabla cranes. 2024. Solving transport needs. www.lcs-cablecranes.com.
- Leander Schmidt. 2021. 100-ATW Zermatt - Fury (80 ATW replacement) Noise protection. External noise emissions. File-Nr.: 062 031.01 Visp, 8 October 2021. LS.
- Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. 1. hluti: Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NV nr. 6-02.
- Skipulagsstofnun. 2021. Uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun.
- Skipulagsstofnun. 2008. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020.
- Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. 2021. Mál nr. 107/2021, kæra á ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2. júní 2021, um að uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.